

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 66/2012****2012/EES/43/33****frá 30. mars 2012****um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB frá 20. desember 2011 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2012/21/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/842/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 1h (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/842/EB) í XV. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32012 D 0021**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB frá 20. desember 2011 um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB L 7, 11.1.2012, bls. 3).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað hugtaksins „framkvæmdastjórnin“ komi „lögbært samkeppnisyfirvald í skilningi 62. gr. EES-samningsins“,
- b) Í stað orðanna „samrýmist innri markaðnum“ komi „samrýmist framkvæmd EES-samningsins“,
- c) Í stað hugtaksins „aðildarríki“ komi „aðildarríki ESB eða EFTA-ríki“,
- d) Í stað hugtaksins „3. mgr. 108. gr. sáttmálans“ í 1. gr. og 3. mgr. 2. gr. komi „3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samning um eftirlitsstofnun og dómstól“,
- e) Í stað hugtaksins „2. mgr. 106. gr. sáttmálans“ í 2. gr. komi „2. mgr. 59. gr. EES-samningsins“,
- f) Í stað hugtaksins „3. mgr. 108. gr. sáttmálans“ í 3. gr. komi „3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samning um eftirlitsstofnun og dómstól“,
- g) Í stað hugtaksins „107. gr. sáttmálans“ í 5. gr. komi „61. gr. EES-samningsins“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2012/21/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 111, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 7, 11.1.2012, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 67.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.